



Varðandi: Úrskurður Kjararáðs um laun forseta Íslands, þingfararkaup
alþingismanna og launakjör ráðherra

Málsnúmer: 1611060

Dagsetning: 21. nóvember 2016

TILLAGA:

Bæjarstjórn Akraness samþykkir ótímabundna frestun á hækkun launa bæjarfulltrúa, samkvæmt úrskurði Kjararáðs þann 30. október síðastliðinn, en laun bæjarfulltrúa taka mið af þingfararkaupi alþingismanna.

GREINARGERÐ:

Kjararáð úrskurðaði hækkun á launum forseta Íslands, þingfararkaupi alþingismanna og launum ráðherra þann 30. október síðastliðinn. Hækkunin nemur um 45%. Laun bæjarfulltrúa á Akranesi taka mið af kjörum þingmanna og eru 19% af þingfararkaupi samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Akranes þann 10. júní 2014. Laun bæjarstjóra og annarra embættismanna hjá Akraneskaupstað taka ekki mið af ákvörðun Kjararáðs, heldur af almennum kjarasamningum.

Bæjarstjórn mun endurskoða ákvörðunina með tilliti til þeirrar niðurstöðu sem búast má við að komi frá Alþingi.

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri